


DEILISKIPULAG VEGNA VAÐLAHEIÐARGANGA OG VINNUBÚÐA Í FNJÓSKADAL, ÞINGEYJARSVEIT



1 MEGINATRÍÐI


Hafin er gangagerð í gegnum Vaðlaheiði og mun Hringvegur færast frá Vikurskarði og fara um Vaðlaheiðargöng. Framkvæmdir við gangamunna og aðliggjandi umferðarmannvirki eru hafnar að vestanverðu. Skipulag þetta tekur til vegakerfis við eystri enda Vaðlaheiðarganga ásamt bráðabirgðaakvæðum um aðstöðu á framkvæmdatíma sem eru tímabundin og afturkræf. Framkvæmdaraðili er Vaðlaheiðargöng hf.

Skipulagið er unnið á grundvelli Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 og verkhönnunar.

Skipulagssvæðið fylgir nýrri veglinu frá Sýðra-Nesgili í norðri og nær yfir fyrirhugaðan gangamunna við Skóga í suðri. Skipulagsmörk eru dregin utanum áætlað framkvæmdasvæði þ.e. það svæði sem veg- og gangagerð mun raska ásamt athafnasvæði og aðstöðumannvirkjum á framkvæmdatíma. Stærð svæðis er um 18.2 ha.

Vinnubúðir, með tilheyrandi mannvirkjum, eru áætlaðar á milli núverandi Illugastadavegar og Vaðlaheiðarvegur, norðan Skóga. Skilgreind eru ný gatnamót Illugastadavegar (nr. 833) og Hringvegur um Vaðlaheiðargöng (nr.1).

Unnin var fornlífarsókn á minjum eftir í túni hins forna bæjarstæðis Skóga þar sem fyrirhugað er að reisa vegskála Vaðlaheiðarganga. Fullnaðargróftur þeirra minja liggur fyrir auk þess sem grafið var niður á öhreyfð jarðlög undir minjunum til að ganga úr skugga um að frekari leifar væri þar ekki að finna (Guðný Zoëga, 2013). Aðrar minjar á skipulagssvæðinu hafa verið skráðar.



2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er gert ráð fyrir Vaðlaheiðargöngum og eru þau sérstakt forgangsmál. Þar er skilgreindur gangamunni Vaðlaheiðarganga norðan við Skóga og liggja allar forsendur deiliskipulags fyrir í aðalskipulagi.

Ekki er kveðið á um heimildir fyrir tímabundin mannvirki í aðalskipulagi, en þar sem vinnubúðir teljast óhjákvæmilegur fylgiskur framkvæmda við gerð Vaðlaheiðarganga er það talið samræmast stefnu sveitarstjórnar og langtíamarkmiðum sem sett er fram í aðalskipulagi sveitarfélagsins að leyfa slíkar framkvæmdir tímabundið á svæðinu enda felur heimildin ekki í sér skerðingu á áformaðri framtíðarmarkmiðum þess.

3 VARANLEG SKIPULAGSÁKVÆÐI

3.1 VEGAKERFI

Skilgreind er breytt lega Illugastadavegar (nr. 833) með tengingu inn á nýjan Hringveg um Vaðlaheiðargöng. Gert er ráð fyrir T-gatnamótum með miðeyju á Illugastadavegi.

Gerð verður ný heimreið að Skógum með tengingu við Vaðlaheiðarveg.

3.2 EFNISLOSUNARSVÆÐI

Gert er ráð fyrir efnislosunarsvæði fyrir allt að 150.000m³. Mótun lands skal vera sem náttúrulegust og gera skal ráð fyrir opnum farvegum lækjar innan svæðisins. Ganga skal frá yfirborði með grasi og öðrum gróðri sömu tegundar og finnst í grennd skipulagssvæðisins.

4 TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Tímabundin ákvæði eru á skilgreindri lóð fyrir starfsmannabúðir og athafnasvæði á starfstíma. Öll mannvirki sem gerð verða eða sett upp skv. tímabundnum skipulagsákvæðum verða afmáð eða fjarlægð í verklok. Tímasetning fylgir skilgreindum verklokum samkvæmt framkvæmda- og tímaáætlunum framkvæmdaáðila og leyfisveitenda og miðast gildistími tímabundinna skipulagsákvæða við þau og verða ekki dagsett í deiliskipulagi. Aður en til framkvæmda kemur skulu gítar af þær minjar sem eru á mörkum rasksvæðis í samráði við minjavörð Norðurlands eystra.

4.1 ÁKVÆDAMÖRK

Ákvædamörk skilgreina svæði fyrir mannvirki eða aðstöðu sem ekki þurfa skilgreindan byggingarreit s.s. settjörn, spennir og efnislosunarsvæði. Gengið skal frá svæðum að verktíma loknum í samræmi við núverandi ástand þess með frágengnu yfirborði.

4.2 ATHAFNASVÆÐI

Afmarkað er athafnasvæði framkvæmda í kringum ný gatnamót og við gangamunna. Stærð svæðis er 12.4 ha. Innan þess verður öll aðstæða framkvæmdaáðila og þau mannvirki sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar.

Þar sem að hluta til er um tímabundnar heimildir að ræða verða þau mannvirki, sem það á við, og öll ummerki um þau fjarlægð við verklok.

4.3 LÓÐ FYRIR STARFSMANNABÚÐIR OG AÐRA AÐSTÖÐU

Afmarkað er 9.950 m² lóð undir bráðabirgðabyggingar, bílastæði, rotró og aðra nauðsynlega aðstöðu. Einnig má koma fyrir olíustöð og steypustöð á lóðinni með tilheyrandi hreins- og mengunaryarnabúnaði. Nýtingarhlutfall lóðar er 0.4.

4.4 BYGGINGARREITIR

Á lóð starfsmannabúða er skilgreindur einn byggingarreitur fyrir vinnubúðir, verkstæði, lagertjald, skrifstofur, olíustöð og steypustöð. Miðað er við að byggingar verði einnar til tveggja hæða þar sem það á við en ekki eru sett háðartakmörk á mannvirki s.s. sem tilheyrja steypustöð. Heildarbyggingarmagn verður allt að 4.600 m². Gert er ráð fyrir ákvæðnum sveigjanleika í staðsetningu bygginga innan byggingarreits. Ekki er forsenda til að staðsetja byggingar nákvæmlega. Leyfilegt er að reisa minniháttar mannvirki utan byggingarreits s.s. spennir og tengihús.

4.5 UMFERD OG BILASTÆÐI

Aðkoma á lóð starfsmannabúða verður um nýja heimreið að Skógum og nýja tengingu við Vaðlaheiðarveg. Bílastæði skulu vera innan lóðar.

4.6 LAGNR OG VEITUKERFI

Ekki er gert ráð fyrir að lagðar verði vatnslagnir heldur verði vatn flutt að og geymt á tönkum. Dreifilagnir innan svæðis eru ekki sýndar á upprætti.

Fráveita frá byggingum fer í rotró og siturlög. Staðsetning þeirra er sýnd á upprætti en útfærsla í göngum vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Gerð, frágangur og rekstur fráveitu og rotróa skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skölp, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotró og siturlagnir og Samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

4.7 FRÁGANGUR

Varðveita skal svarðlag við upphaf verks. Þegar framkvæmdum við gerð Vaðlaheiðarganga lýkur verða starfsmannabúðirnar og tilheyrandi mannvirki fjarlægð. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við núverandi ástand þess og því skilad með frágengnu yfirborði. Við frágang skal notast við svarðlagið sem varðveitt var til uppræðslu ásamt viðeigandi grenndargróðri.

5 ÁHRIFAMAT

Gerð er grein fyrir helstu forsendum og áhrifum nýrra samgöngumannvirka, Vaðlaheiðargöngum og tilheyrandi vegum, í skýrslunni *Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt vegtengingum, kynning framkvæmda*. Framkvæmdir eru ekki háð mati á umhverfisáhrifum sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2006). Fyrir liggur skýrsla um fullnaðargróft hluta þeirra minja sem eru innan skipulagssvæðisins. Minjarnar eru ofan bæjarhúsa á Skógum og ofan á fyrirhuguðum göngum. Breyttur Vaðlaheiðarvegur mun liggja nærri minjastad um járnvinnslu frá því fyrir 1300 (Guðný Zoëga, 2013). Minjar sem eru á mörkum rasksvæðis verða gítar til að koma í veg fyrir skemmdir.

5.1 FRÁGANGUR

Áætlað er að um 200.000m³ jarðefna muni falla til við gangagerðina að austanverðu. Helmingur þess efnis mun nýtast í vegagerð, þ.e. í fyllingar, fláafleyga og burðarlög. Þeir 100.000m³ sem eftir standa verður komið fyrir í kverk við tengingu milli Illugastadavegar og Hringvegur og hugsanlega í fláafleyga til að draga frekar úr bratta fyllinga.

Í útböðgöngum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi við gangamunna, fyllingar og vegkanta. Sama á við um hugsanlegan haug með efni úr göngunum. Leitast skal við að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi umfram það sem leiðir af efnisfyllingum undir vegi og efnislosunarsvæði.


Við uppræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sád verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Verði girðingum raskað verða þær endurnýjaðar í samráði við landeigendur.

Frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

5.2 MÓTVÆGISÁÐGERÐIR

Stuðlað verður að því að rökun á landi verði haldið í lágmarki. Landslagsarkitekt mun hanna landmótun og útlit vegskála við gangamunna.

Settar verða upp setgildrur og oliugildrur við gangamunna strax á verktíma. Oliugildrum verður síðan viðhaldið til frambúðar. Líklegt er að sömu lausnum verði beitt og við Fáskrúðsfjardargöng. Set- og oliugildrum verður einnig komið fyrir á lóð starfsmannabúða í tengslum við oliu- og steypustöð.



Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

SKÝRINGAR	TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI
--- Mörk skipulagssvæðis	□ Athafnasvæði
--- Núverandi vegir	□ Svæði fyrir starfsmannabúðir og aðra aðstöðu
■ Vegsvæði, raskað land v/vegagerðar, fláar og skeringar	□ Byggingarreitur fyrir vinnubúðir o.fl.
■ Vegir	□ Önnur mannvirki/aðstæða, merkt á upprætti
■ Veggöng, vegskáli	□ Svæði fyrir rotró/siturbæ
■ Malarborinn vegur	■ Efnislosunarsvæði
■ Opíð, óbyggt land, landbúnaðarland	■ Minjar
⊕ Hnit í ÍSNET93	--- Girðing vegna minja
■ Grunnkort	

6 HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Guðný Zoëga (2013). Fornlífarsókn að Skógum í Fnjóskadal – greinargerð vegna verkloka. Byggðasafn Skagfirðinga.

Pétur Þór Jónsson (2006). Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt vegtengingum. Kynning framkvæmda. Akureyri. Greið leið ehf.

Skipulagsstofnun (2006). Jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðstrandahreppi og Þingeyjarsveit. Ákvörðun um matskýldu. Verk nr. 2006010074.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 41. gr skipulagslaga nr.123/2010 frá 20.12.2013 til 31.01.2014.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

27.02.2014

Sveitarstjóri

Þingeyjarsveit

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

02.04.2014

nr. 319/2014

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUBJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Deiliskipulag vegna Vaðlaheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit

HANNAÐ TEIKNAD LF DAGS. 20. febrúar 2014
KVARDI A2: 1:10.000 og 1:2.000 BREYTT

VERK 13-157
BLAÐ 001
Þingeyjarsveit